

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2017 - 2018

1. KVH

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga hefur þann tilgang fyrst og fremst að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjara- og réttindamálum. KVH fer með kjarasamningamál fyrir hönd sinna félagsmanna gagnvart ríki, sveitarfélögum og almennum vinnumarkaði.

Félagið er eitt af 27 aðildarfélögum Bandalags háskólamanna.

Stjórn félagsins

Eftirtaldir skipa stjórn félagsins:

Birgir Guðjónsson, formaður
Ragnheiður Ragnarsdóttir, ritari
Helga S. Sigurðardóttir, gjaldkeri
Guðfinnur Þór Newman, meðstjórnandi
Stefán Þór Björnsson, meðstjórnandi

Varamenn eru: Einar Geir Jónsson, Hjálmar Kjartansson og Sæmundur Árni Hermannsson. Skoðunarmenn reikninga eru: Halla S. Sigurðardóttir og Jóngeir Hlinason.

2. Almenn starfsemi

Á starfsárinu voru haldnir 17 stjórnarfundir. Þar var fjallað um réttinda- og kjaramál, vinnumarkaðsmál, lífeyrismál og margvísleg önnur hagsmunamál félagsmanna. Einnig voru haldnir fundir samninga- og samstarfsnefnda félagsins og viðsemjenda. Þá tóku stjórnarmenn þátt í ýmsum fundum á vegum BHM, einkum vegna kjaramála og lífeyrismála, ásamt kynningum KVH fyrir háskólanema í viðskipta- og hagfræði. Formaður félagsins, Birgir Guðjónsson, sat einnig fundi formannaráðs BHM.

Einn stjórnarmanna KVH, Guðfinnur Þór Newman, á sæti í stjórn BHM en auk þess eru eftirtaldir félagsmenn í öðrum embættum á vegum BHM: Gunnar Gunnarsson sem skoðunarmaður reikninga BHM, Ragnheiður Ragnarsdóttir í stýrihópi BHM um fag- og kynningarmál, Hjálmar Kjartansson í Sjúkrasjóði BHM, Halla Sigrún Sigurðardóttir í Starfsmenntunarsjóði BHM og Björn Bjarnason í Orlofssjóði BHM. Þá er Birgir Guðjónsson varamaður í stjórn LSR.

Starfsmenn KVH eru tveir, framkvæmdastjóri Hallur Páll Jónsson og verkefnastjóri Karen Ósk Pétursdóttir og sinna þau fjölmörgum verkefnum fyrir félagið og félagsmenn í viku hverri, sem lúta að kjaramálum og réttindamálum. Ávallt er nokkuð um að félagsmenn leiti aðstoðar vegna mála er varða ráðningar og launakjör, áminningar, samskipti á vinnustöðum, uppsagnir og starfslok, að ógleymdri túlkun á kjarasamningum og réttindum. Einnig hafa nokkrir félagsmenn leitað til félagsins vegna atvinnutengdra veikinda. Þá hafa starfsmenn KVH fyrir hönd félagsins veitt umsagnir um ýmis álitamál og tekið þátt í starfshópum innan BHM, m.a. um endurskoðun á

stefnu bandalagsins. Í einstaka tilfellum hefur félagið leitað fulltingis lögmanna við úrlausn mála, þegar aðrar leiðir hafa ekki verið færar.

KVH jók eignaraðild sína að Húsfélagi BHM s.f. á árinu og á nú 8,42% hlutdeild í Húsfélaginu sem svarar til tveggja rúmgóðra skrifstofuherbergja, auk hlutdeildar í sameign.


KVH hefur kynnt starfsemi sína á samskiptamiðlum, á vettvangi námsmannafélaga og víðar og stefnir að frekari markaðssetningu, meðal annars með nýrri vefsíðu og kynningarmyndböndum, enda markmiðið að KVH verði „fyrsta val“ nýútskrifaðra viðskipta- og hagfræðinga.

Félagi hefur sniðið sér stakk eftir tekjuvexti en verkefni sem kosta fjármuni eru fjölmörg. Engu að síður er félagsgjaldið til KVH eitt það lægsta sem greitt er til stéttarfélags enda er markmið félagsins ekki að safna í sjóði heldur að veita félagsmönnum góða og nauðsynlega þjónustu, og efla þeirra hag.

2. Félagsmenn


Félagsmönnum fjölgar jafnt og þétt eins og undafarin ár. Langmest er aukningin vegna starfa á almenna vinnumarkaðinum. Ef miðað er við október mánuð 2017, sem er heppilegur viðmiðunarmánuður, voru greiðandi félagsmenn KVH þá alls 1.438, en á sama tíma árið áður voru þeir 1.340. Að viðbættum þeim félagsmönnum sem síðan hafa bæst við þar til nú í mars, er fjöldi greiðandi félagsmanna orðinn um 1.543. Þar til viðbótar má geta þeirra 236 félagsmanna sem skráðir eru með námsmannaáðild núna í mars 2018. Félagið er nú þriðja fjölmennasta aðildarfélag BHM.

Gert er ráð fyrir að þessi þróun muni halda áfram og einkum með áframhaldandi markaðssetningu og kynningum til námsmanna í öllum háskólum landsins.



Hlutfall kynja félagsmanna hefur haldist nokkuð stöðugt milli ára og eru konur um 59% greiðandi félagsmanna en karlar 41%. Meðalaldur greiðandi félagsmanna er nú 44 ár.

Ef litið er á skiptingu greiðandi félagsmanna í október 2017 eftir því hvar á vinnumarkaðinum þeir starfa þá er myndin þessi: Um 53% starfa á almenna vinnumarkaðinum, 35% starfa á ríkisstofnunum, tæplega 7% vinna hjá sveitarfélögum og rúmlega 4% starfa hjá Reykjavíkurborg, en atvinnuleitendur eru rúmlega 1%.



Fjölgun félagsmanna er mjög æskileg því styrkur og áhrif félagsins felast ekki síst í stærðinni og þeim möguleikum sem auknar félagstekjur gefa. Með þetta í huga hefur KVH lagt aukna áherslu á markaðssetningu og kynningu eins og áður segir. Félagið hefur gert sérstaka samstarfssamninga við fjögur félög nemenda í viðskipta- og hagfræði við þrjá háskóla, haldið kynningar, vísindaferðir og námskeið fyrir þá sem námsmannaaðild hafa. Einnig má geta þess að undanfarin ár hefur KVH tekið þátt í Framadögum háskólafélags.

3. Kjaramál og samningar

Flestir kjarasamningar KVH voru endurnýjaðir árið 2015 með gildistíma til marsloka 2019. Þó var sú undantekning að á miðju ári 2016 lauk kjarasamningum við Samband ísl. sveitarfélaga. Samningar við opinberu aðilana voru gerðir með hliðsjón af samkomulagi um samræmda launastefnu stærstu aðila vinnumarkaðarins til ársloka 2018 (*SALEK rammasamkomulagið*). BHM var þó ekki aðili að því samkomulagi, einkum vegna ágreinings um lífeyrismál.

Ótímabundinn kjarasamningur við Samtök atvinnulífsins var hins vegar endurnýjaður á starfsárinu og gildir frá 1. október 2017. Samið var um hækkun lífeyrisframlags líkt og hjá öðrum aðilum á almenna vinnumarkaðinum, en lífeyrisframlag vinnuveitanda hækkar í áföngum og verður 11,5% frá 1. júlí 2018. Meðal annars var skerpt á ákvæðum um árleg launaviðtöl um endurskoðun launa og starfskjara, vinnuveitendum er nú skylt að greiða framlag í Starfsmenntunarsjóð BHM, en framlög í Vísindasjóð KVH og Starfsþróunarsetur háskólamanna verða valkvæð.

Á starfsárinu var áfram unnið að endurnýjun stofnansamninga ríkisstofnana og það verkefni er viðvarandi enda ríkisstofnanir fjölmargar.


Ef litið er til heildarlauna félagsmanna KVH hjá ríkinu í september 2017 voru þau að meðaltali um 824 þús. kr. Heildarlaun félagsmanna hjá sveitarfélögum voru ívið lægri að meðaltali, en laun félagsmanna á almennum markaði hafa að jafnaði verið nokkru hærrí. Það er þó eðlilega misjafnt eftir atvinnugreinum og stöðu þeirra.

Hagstofan og fáeinir aðrir aðilar framkvæma launakannanir sem að einhverju leyti ná til viðskiptafræðinga og annarra háskólamanna á almennum vinnumarkaði, en þær kannanir eru ekki samanburðarhæfar innbyrðis.

4. Kaupmáttarþróun og norrænt kjarasamningalíkan


Það samkomulag sem stærstu aðilar vinnumarkaðarins gerðu með sér haustið 2015 og kallað hefur verið „rammasamkomulag um samræmda launapróun til ársloka 2018“ eða Salek samkomulagið, hefur beint og óbeint haft áhrif á kjarasamninga háskólamanna, auk Gerðardóms á þau stéttarfélög sem í verkföll fóru vorið 2015. Engu að síður hafa ríki, sveitarfélög og aðilar á almennum markaði gert kjarasamninga á tímabilinu sem ekki eru innan þessara viðmiða. Þá fór Kjararáð langt fram úr þessum viðmiðum með ákvörðunum sínum á síðasta ári um laun kjörinna fulltrúa og embættismanna.

Rammasamkomulagið gerði ráð fyrir að vísitala launa mætti hækka úr 100 í 132 á tímabilinu frá nív. 2013 til ársloka 2018. Eins og sjá má á þessari mynd hafa tilteknir hópar nú þegar hækkað langt umfram það viðmið, þrátt fyrir að tímabilið sé ekki liðið:



Þrátt fyrir þetta hafa flestir aðilar vinnumarkaðar verið sammála um mikilvægi þess að stefna að því að taka upp nýjar aðferðir að norrænni fyrirmynd við gerð kjarasamninga, til að tryggja efnahagslegan stöðugleika, lága verðbólgu og aukinn kaupmátt. Þessi vinna við að þróa nýtt íslenskt kjarasamningalíkan í átt til þess sem er á hinum Norðurlöndunum, er mjög mikilvæg.

Kaupmáttarþróun hefur verið jákvæð undanfarin misseri eða alveg frá júlí 2012 og verðbólga undir verðbólguviðmiðunum Seðlabankans síðustu fjögur árin. Þetta hefur skilað flestum launþegum talsverðum ávinningi. Fyrir þessu eru ýmsar efnahagslegar ástæður, sem ekki verður vikið að hér. Á móti kemur óhagstæð þróun á húsnæðismarkaði, einkum fyrir ungt fólk. Þessi staða er hins vegar viðkvæm og mikilvægt að tryggja áframhaldandi aukinn kaupmátt.



Lífeyrismál

Haustið 2016 gerðu BHM, BSRB og KÍ, samkomulag við ríki og sveitarfélög um „breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna“. KVH beitti sér gegn þessu samkomulagi eins og það lá fyrir, en það var engu að síður samþykkt. Það varð grunnur að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um LSR. KVH veitti umsögn um frumvarpið og fór á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem ýmis ákvæði frumvarpsins voru gagnrýnd. Þá lét KVH vinna fyrir sig rannsókn og skýrslu um virði bakábyrgðar ríkisins á skuldbindingum A-deildar LSR, sem dr. Oddgeir Ottesen vann, og fylgdi með umsögn KVH til Alþingis. Niðurstaðan varð því miður sú að frumvarpið var samþykkt óbreytt og ný lög urðu til sem fela í sér lakari lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna.

Í framhaldi af lagasetningunni var skipaður samráðshópur aðila til að fara yfir og meta hvaða launagögn og aðferðir þurfi að liggja til grundvallar ákvörðunum um jöfnun launa milli almenns og opinbers vinnumarkaðar, eins og kveðið var á um í samkomulaginu og lögum. Af hálfu BHM var í þeirri nefnd Guðfinnur Þór Newman (KVH). Samráðshópurinn skilaði af sér skýrslu „um gögn og aðferðir til að jafna laun milli almenns og opinbers vinnumarkaðar“ í febrúar s.l.

Atvinnuástand

Atvinnuástand hefur batnað jafnt og þétt undanfarin ár og atvinnuþátttaka er sú hæsta meðal OECD ríkjanna eða 89%. Skráð atvinnuleysi í janúar sl. var aðeins um 2,4 % á landinu öllu en þá voru að meðaltali 4.220 atvinnulausir (þar af var 28% þess hóps erlendir ríkisborgarar), skv. skráningu Vinnumálastofnunar. Um 1.140 atvinnuleitenda voru með háskólanám eða sérskóla á háskólastigi að baki eða um 27% þeirra sem voru skráðir í atvinnuleit.

Um 175 atvinnuleitendur með viðskipta- og hagfræðinám eru nú á atvinnuleitendur skv. tölum Vinnumálastofnunar. Fjöldi viðskiptafræðinga sem eru skráðir atvinnuleitendur og greiða jafnframt félagsgjald til KVH er nú 19, og er það ívið lægra en um nokkurt skeið. KVH greiðir framlag í sameiginlega sjóði BHM fyrir þá félagsmenn sem eru tímabundið atvinnuleitendur og greiða sjálfir félagsgjöld til KVH.

Hlutfall vinnandi fólks með háskólamenntun hefur aukist stöðugt undanfarin ár, en störfum sem krefjast háskólamenntunar hefur ekki fjölgað að sama skapi. BHM hefur ítrekað brýnt fyrir stjórnvöldum mikilvægi þess að ýta undir nýsköpun í atvinnulífi er stuðli að verðmætaaukningu og gefi af sér verðmæt störf.

Verkefni stjórnar KVH starfsárið 2018-2019

Á starfsárinu 2018-2019 verður unnið að undirbúningi kjaraviðræðna, en kjarasamningar KVH verða lausir um næstu áramót og í lok mars á næsta ári. Stefnt er að því að auka þekkingu stjórnarmanna á samningavinnu, með þátttöku í námstefnu á vegum ríkissáttasemjara, sem fara mun fram á árinu.

Þá hefur KVH einnig hafið ítarlega greiningarvinnu á launaumhverfi sinna félagsmanna og er að koma sér upp eigin gagnagrunni og reiknilíkani sem mun sýna launaþróun og kaupmáttarþróun yfir tímabil, eftir kjarasamningum, atvinnugreinum, kynjum og fleiru, auk samanburðar við þróun vísitalna og hagtalna. Þessi vinna er ákaflega mikilvæg og mun nýtast samningafólki KVH vel við gerð næstu kjarasamninga.

Þá er stefnt að því að koma upp sérstökum aðgangi félagsmanna að upplýsingum um meðallaun og kaupmátt í gegnum „mínar síður“ á vef KVH og verður það kynnt félagsmönnum síðar eða þegar því verkefni lýkur.

Á næstu misserum mun halda áfram vinna og umræður innan BHM með þátttöku KVH, um nýtt kjarasamningsumhverfi að norrænni fyrirmynd. Stjórn KVH hefur verið að kynna sér fyrirkomulag kjarasamninga á Norðurlöndum og hyggst ljúka þeirri vinnu á árinu.

KVH mun áfram standa fyrir námskeiðum handa hinum fjölmörgu háskólanemum sem eiga námsmannaaðild að KVH, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri og nágrenni. Á þessum námskeiðum munu háskólanemar m.a. fá leiðsögn um starfsumsóknir, gerð ferilskráa og ráðningarsamninga. Er þetta einn liðurinn í samstarfssamningi KVH við nemendafélög háskólanna.

Aukin markaðssetning, samskipti og þjónusta við félagsmenn verður sem fyrr eitt af áhersluatriðum komandi starfsárs. Ný heimasíða félagsins verður tekin í notkun innan skamms og aðlöguð að snjallsíma viðmóti. Einnig hafa verið gerð örmyndbönd um þjónustu KVH sem hægt er að deila á vefmiðlum. Við munum sýna dæmi um þessa vinnu í lok aðalfundar fyrir þá sem hafa áhuga.

Reykjavík, 15. mars 2018

F.h. stjórnar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Birgir Guðjónsson formaður